

Nd.

378. Frumvarp til laga

[18. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

36. gr. 1. mgr. laganna orðist svo: Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingafélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingamál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 150000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 300000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að vera á hendur öku-
manni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum.

2. gr.

36. gr. 2. mgr. orðist svo: Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupp-
hæðin þó aldrei nema minna en sem svári 25000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Tryggingafélögum, sem annast bifreiðatryggingar, skal skylt að halda bókhaldi lögboðinna bifreiðatrygginga sérgreindu. Sameiginlegur reksturskostnaður trygginga-
félagsins skal reiknast hinum lögboðnu bifreiðatryggingum hlutfallslega eftir upp-
hæðum iðgjaldagreiðslna. Reikningar hvers tryggingafélags yfir lögboðnar bifreiða-
tryggingar skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðunarmönnum, sem dómsmálaráð-
herra skipar til þess, en laun endurskoðunarmanna skulu greidd af viðkomandi trygg-
ingafélagi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Rekstrarreikning hvers árs yfir lög-
boðnar bifreiðatryggingar skal tryggingafélag birta í Lögbirtingablaðinu eigi síðar
en 1. okt. næsta ár á eftir. Telji endurskoðunarmenn, að á reikning lögboðinna bif-
reiðatrygginga séu færð gjöld, sem ekki eiga þar heima, ber þeim að gera athuga-
semdir um það, og séu þær ekki teknar til greina af tryggingarfélagi, ber að birta
athugasemdirnar í Lögbirtingablaðinu með rekstrarreikningi ásamt svörum félagsins
þar að lútandi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um gerð reikninga trygg-
ingafélaga og endurskoðun þeirra og birtingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1952.